

Mánudaginn 14. októbermánaðar.

Nr. 16/1895: Hreppsnefnd Barðastrandarhrepps
 gegn
 Einari J. Thoroddsen.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af Einari Jóns-
 syni Thoroddsen gegn hreppsnefndinni í Barða-
 strandarhreppi til lúkningar á 102 krónum, sem
 Einar telur til hjá hreppsnefndinni. Var málið
 dæmt í hjerði 2. októbermán. f. á. með þeim úr-
 slitum, að hreppsnefndinni var gjört að greiða
 Einari nefnda upphæð með 5 % vöxtum frá 15.
 sept. 1891 — en þá var málið síðast kært til
 sætta — til borgunardags. Málskostnaður var
 látinn falla niður. Þessum dómi hefur hreppsnefnd
 Barðastrandarhrepps áfrýjað til landsyfirdómsins
 með stefnu, dags. 1. apríl þ. á., og hefur hún feng-
 ið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann. Hefur á-
 frýjandi krafizt að verða sýknaður af öllum kröf-
 um stefnda, og að stefndi verði dæmdur til að
 greiða málskostnað fyrir báðum dómum. Hins
 vegar hefur stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dóm-
 ur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að
 greiða allan málskostnað.

Með brjefi 6. maí 1880 rituðu þeir Jón Guð-
 mundsson í Haga og Guðmundur Jónsson á Hamri
 stefnda brjef þess efnis, að hann vildi leyfa ekkj-
 unni Guðbjörgu Friðriksdóttur að hýrast árlangt —
 1880—81 — á eignarjörð hans, Efri-Rauðsdal, er
 þá var laus, með þeim vinnukröptum, er þeir álitu

nægja til að yrkja jörðina, og kváðust þeir ekki skorast undan að hafa á höndum umsjón og, ef hann krefðist þess, ábyrgð á jarðarhúsunum, kúgildunum og eptirgjaldinu árið 1880—81. Nefndir menn, sem báðir voru í hreppsnefnd Barðastrandarhrepps, rituðu sig undir brjefið hreppsnefndarmenn. Stefndi ljet samkvæmt þessum tilmælum þeirra jörðina fala. Var hún síðan 7. júní 1880 tekin út í hendur hreppsnefndar Barðastrandarhrepps, og má álita það sannað, þar sem oddviti hennar var viðstaddur úttektina og ritaði nafn sitt undir hana í nafni eða fyrir hönd hreppsnefndarinnar. 27. maí 1881 var jörðin aptur tekin út, þegar Guðbjörg sleppti henni, og hreppsnefndin var í úttektargjörðinni talin afhendandi. Samkvæmt gjörð þessari var óborgað álag á jörðina talið 102 kr., og er það þessi álagsupphæð, sem stefndi krefur hreppsnefndina um. Hreppsnefndin hefur færzt undan að greiða álagið einkum og sjer í lagi vegna þess, að þessa 2 hreppsnefndarmenn hafi brostið heimild til að skuldbinda hreppssjóðinn á þessa leið, enda sje ekki í brjefinu 6. maí 1880 einu orði minnzt á hreppsnefndina, og verði þeir Jón Guðmundsson og Guðmundur Jónsson því sjálfir að ábyrgjast álagið.

Það er nú að vísu svo, að brjefið nefnir ekki hreppsnefndina eða sveitarsjóð, en þar sem nefndir 2 menn hafa undirskrifað sig hreppsnefndarmenn, þá virðist ekki, að litið verði öðruvísi á, en að þeir hafi ætlað að skuldbinda hreppssjóðinn, og stefndi hlaut að skilja brjefið þannig, enda styrkist

Þetta við það, að hinn þriðji hreppsnefndarmaður, oddvitinn sjálfur, var við úttektina 1880 og ritaði undir hana fyrir hönd hreppsnefndarinnar. Að vísu sjest ekki, hvort nokkur af hreppsnefndarinnar hálfu hefir verið við hina síðari úttektina, en nefndin hefur ekki mótmælt gildi úttektarinnar fyrir þessa sök. Og með því hreppsnefndin ekki hefur andmælt upphæðinni 102 kr., þá virðist rjett að dæma hana til að greiða þessa upphæð með 5 % vöxtum frá 15. sept. 1891 og til þess greitt verður. Það verður því samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða dóm einnig að því málskostnað snertir — en stefndi hafði gjafsókn í hjeradi. Málskostnaður fyrir yfirdómi á eptir atvikum að falla niður og verður eptir þessum úrslitum málsins hinum skipaða talsmanni áfrýjanda ekki greidd nein málfutningslaun.

Þótt málið, sem hefur verið sótt með gjafsókn fyrir báðum dómum, hafi orðið mjög seinfara í hjeradi, þá verður þó engum gjörð ábyrgð fyrir það; fyrir yfirdómi hefur málið verið flutt löglega.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að við lagðri aðför að lögum.